

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2024

1. Jólaborgin Reykjavík

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs verði hækkaðar um 10.000 þ.kr. vegna verkefnisins Jólaborgin 2024. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -10.000
USKES	3212	Jólaborgin 2024	Til 10.000
			Samtals 0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 26. september 2024 verkefnið Jólaborgin 2024, MSS24090135. Verkefnið verði til þess að halda áfram þeirri vegferð að byggja Reykjavík markvisst upp sem jólaborg á næstu árum með tilheyrandi skreytingum og viðburðum.

2. Vesturmiðstöð – tilfærsla á fjármagni

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum vegna breytinga á rekstri Vesturmiðstöðvar. Ekki er um kostnaðarauka að ræða.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
VEL	F2020	Heimaþjónusta vestur	Frá -121.886
VEL	F3015	Þjónustuíbúðir Lindargötu	Til 121.886
			Samtals 0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Á árinu 2022 voru gerðar breytingar á bókun kostnaðar hjá þjónustuíbúðum Velferðarsviðs til að auka samræmi og gera samanburð auðveldari. Starfsmenn og fjárheimildir voru færðar milli kostnaðarstaða en ekki voru færðar fjárheimildir milli heimastuðnings og þjónustuíbúða á Lindargötu en laun starfsmanna voru þó færð í launakerfi. Hér er því óskað eftir að fjárheimildin verði flutt til samræmis við breytingar

í launakerfi. Fjárheimild vegna 12 stöðugilda verður því flutt af heimastuðningi yfir á þjónustuíbúðir fyrir árið 2024 en búið er að gera þessa breytingu á árinu 2025.

3. Háteigsvegur – nýtt búsetuúrræði

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 23.031 þ.kr. vegna reksturs á íbúðakjarna á Háteigsvegi 59. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -23.031
VEL	xxx	Háteigsvegur búsetuúrræði	Til 23.031
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Samkvæmt uppbyggingaráætlun er nýr íbúðarkjarni að Háteigsvegi að hefja rekstur í nóvember 2024. Fjármagn sem hér er verið að veita er vegna reksturs í nóvember og desember ásamt því að verið sé að greiða stofnkostnað að upphæð 5.000 þ.kr.

4. Kjarabætur velferðarsviðs

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 10.757 þ.kr. vegna kjarasamningsbundna hækkana. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá -10.757
VEL	F2153	Íbúðakjarni Vesturgötu 67	Til 5.576
VEL	F4351	Íbúðakjarni Laugavegi 105	Til 5.180
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Ný úrræði sem voru opnuð í lok árs 2023 hafa ekki fengið bætingar vegna kjarasamningsbundna hækkana. Óskað er eftir að það verði bætt í samræmi við aðra kostnaðarstaði á velferðarsviði.

5. Jafnlaunastofa

Lagt er til að fjárheimildir mannauðs- og starfsumhverfissviðs hækki um 3.000 þ.kr. vegna vanáætlunar í launa- og rekstrarkostnaði. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -3.000
MOS	01455	Jafnlaunastofa	Til 3.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Við gerð fjárhagsáætlunar Jafnlaunastofu fyrir árið 2024 þá var launagrunnur rangur og er því óskað eftir að hann verði leiðréttur, en hann er vanfjármagnaður um 2 milljónir. Á sama tíma er ljóst að annar rekstrarkostnaður Jafnlaunastofu hefur einnig verið vanfjármagnaður frá upphafi og er því óskað eftir að grunnur annars rekstrarkostnaðar sé leiðréttur en talið er að hann er sé vanfjármagnaður um 4 milljónir. Í ljósi þessa er óskað eftir að hækkuðu framlagi í fjárhagsáætlun 2024, sem nemur 3 milljónum á hvorn eigenda, samtals 6 milljónir.

6. Sjálfstætt starfandi grunnskólar

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 202.462 þ.kr. vegna fjölgunar barna í sjálfstætt starfandi grunnskólum og hækkunar á rekstrarkostnaði. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -202.462
SFS	xxx	Sjálfstætt starfandi grunnskólar	Til 202.462
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Fjöldi nemenda í upphaflegri áætlun 2024 var 751 en fjöldi nemenda sem greitt var með á tímabilinu janúar-júní var 760 börn og í september og október voru börnin orðin 805 talsins. Til viðbótar þá hefur orðið 12% hækkun á meðalrekstrarkostnaði nemenda. Miðað við þessa aukningu á nemendum og hækkun á meðalrekstrarkostnaði þá er óskað eftir að fjárheimildir verði hækkaðar um 202.462 þ.kr

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri